



## **Almennir skilmálar fyrir markaðsviðskipti**

## Efnisyfirlit

1. Gildissvið .....	3
2. Flokkun viðskiptavina.....	3
3. Framkvæmd viðskipta.....	3
4. Tryggingar.....	5
5. Skuldajöfnun (nettun) samninga .....	6
6. Hljóðritun símtala .....	6
7. Áhætta fjármálagerninga og varúðarskylda viðskiptavinar .....	6
8. Vanefndir og heimild Virðingar hf. til að gjaldfella skuldbindingar viðskiptavinar .....	7
9. Ábyrgð á samningum, skaðleysisyfirlýsing .....	8
10. Upplýsingaskylda viðskiptavinar.....	9
11. Um tryggingarsjóð innistæðueigenda og fjárfesta .....	10
12. Þóknanir o.fl.....	10
13. Uppsögn .....	10

## 1. Gildissvið

Verðbréfafyrirtækið Virðing hf. starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Lögheimili Virðingar hf. er að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi. Virðing hf. hefur starfsleyfi útgefið af Fjármálaeftirlitinu.

Skilmálar þessir gilda um öll viðskipti milli Virðingar hf. og viðskiptavinar um fjármálagerninga, eins og þeir eru skilgreindir í lögum um verðbréfavíðskipti. Undir fjármálagerninga falla þannig viðskipti með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf, peningamarkaðsskjöl hlutdeildarskírteini og afleiður. Aðrir samningar sem gerðir eru milli Virðingar hf. og viðskiptavinar gilda samhliða skilmálum þessum.

Skilmálarnir gilda hvort heldur sem viðskiptin eiga sér stað í gegnum síma, veraldarvefinn eða á annan hátt. Virðingu hf. er heimilt að breyta skilmálum þessum. Verði skilmálum þessum breytt skal tilkynna viðskiptavinum um slíkar breytingar.

## 2. Flokkun viðskiptavina

Viðskiptavinir Virðingar hf. eru flokkaðir í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sem viðurkenndir gagnaðilar, fagfjárfestar eða almennir fjárfestar. Þeir geta ekki átt viðskipti við Virðingu hf. um fjármálagerninga fyrir en sú flokkun hefur farið fram.

## 3. Framkvæmd viðskipta

Viðskiptavinur á ekki einhliða kröfu á því gagnvart Virðingu hf. að einstakir samningar séu gerðir á grundvelli skilmála þessara. Samþykki Virðingar hf. þarf fyrir gerð allra samninga þótt búið sé að skrifa undir skilmála þessa. Virðing hf. getur einhliða fallist á beiðni viðskiptavinar um gerð samninga eða hafnað beiðni um viðskipti með fjármálagerning.

Viðskiptavinur skal senda Virðingu hf. viðskiptafyrirmæli með símtali, tölvupósti, símbréfi, almennum pósti, eða öðrum hætti sem aðilar koma sér saman um. Viðskiptafyrirmæli eru á ábyrgð viðskiptavinar. Ef viðskiptafyrirmæli eru gefin munnlega, hefur viðskiptavinur sönnunarbyrði fyrir því að viðskiptafyrirmælum hafi verið komið til starfsmanna Virðingar hf. Þá hefur viðskiptavinur sönnunarbyrði fyrir því að starfsfólk Virðingar hf. hafi ekki framkvæmt viðskiptin í samræmi við fyrirmæli.

Viðskiptafyrirmæli skulu hafa að geyma upplýsingar um nafn viðskiptavinar eða nafn prókúruhafa ef um fyrirtæki er að ræða, upplýsingar um hvers kyns fjármálagerning er að ræða, verð hans og magn og hvort um kaup eða sölu sé að ræða. Ef nauðsynlegt er skal viðskiptavinur upplýsa starfsmenn Virðingar um hvað eina er hann telur mikilvægt varðandi gerninginn.

Með viðskiptafyrirmælum sínum veitir viðskiptavinur Virðingu hf. heimild til að framkvæma viðskiptin með þeim hætti sem Virðing hf. telur hagkvæmast.

Ef ekki er kveðið á um gildistíma viðskiptafyrirmæla mun Virðing hf. líta þannig á að gildistími þeirra sé til loka þess viðskiptadags sem viðskiptafyrirmæli eru gefin. Séu viðskiptafyrirmæli send til Virðingar hf. á degi sem ekki er viðskiptadagur á markaði skal gildistími þeirra vera næsti viðskiptadagur þar á eftir á viðkomandi markaði.

Mögulegt er fyrir viðskiptavin að breyta eða afturkalla viðskiptafyrirmæli áður en þau teljast orðin bindandi eða áður en viðskipti verða framkvæmd með eftirfarandi takmörkunum. Breytingar á magni eða verði þess fjármálagernings sem viðskiptafyrirmæli tilgreinir skal litið á sem afturköllun viðskiptafyrirmæla og um leið sem ný viðskiptafyrirmæli. Hafi Virðing hf. þegar hafið framkvæmd viðskipta skv. viðskiptafyrirmælum er einungis unnt að afturkalla þau eða breyta þeim ef viðskiptavinur greiðir Virðingu hf. þóknun ásamt útlögðum kostnaði sem Virðing hf. hefur greitt. Afturköllun eða breyting á viðskiptafyrirmælum verður virk þegar Virðing hf. hefur móttakið slíka afturköllun eða breytingu og slík afturköllun eða breyting er skráð í viðskiptakerfi markaðar. Ekki er unnt að afturkalla viðskiptafyrirmæli eða breyta viðskiptafyrirmælum hafi viðskipti skv. þeim þá þegar verið framkvæmd. Mögulegt er að breyta, loka eða framlengja samningi með sama hætti og að framan greinir.

Virðing hf. getur neitað að fara eftir fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga hafi starfsmenn fyrirtækisins grun um að fyrirmælin komi ekki frá viðskiptavini. Virðing hf. ber ekki ábyrgð vegna tjóns sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þessa.

Virðingu hf. er ekki heimilt að að hafa milligöngu um verðbréfi viðskipti hafi starfsmaður þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði laga um verðbréfi viðskipti eða annarra laga, s.s. reglur um innherjaviðskipti.

Um framkvæmd einstakra viðskipta, sem gerð eru á grundvelli skilmála þessara, skulu gerðir skriflegir samningar, staðfestir af báðum aðilum, þar sem kveðið er nánar á um sérgreinda skilmála, lánskjör og endurgreiðslu. Virðing hf. sendir frumrit allra samninga til viðskiptavinar. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að senda undirrituð frumrit samninga til Virðingar hf. innan fimm daga frá því að skjölin voru send honum til undirritunar. Ákvæði þessarar málsgreinar sætir þó eftirfarandi undantekningum: Ákvæðið á ekki við um samninga um stundarviðskipti með gjaldeyri eða fjármálagerninga (spot exchange). Sé um stundarviðskipti með gjaldeyri að ræða staðfestir Virðing hf. viðskiptin með tölvupósti, símbréfi eða almennu bréfi. Ef um er að ræða stundarviðskipti með fjármálagerninga staðfestir Virðing hf. viðskiptin með tölvupósti, símbréfi eða almennu bréfi til viðskiptavinar. Komi viðskiptavinur ekki á framfæri við Virðingu hf. athugasemd við slíkri staðfestingu innan þriggja daga frá sendingu bréfs, tveggja daga frá sendingu símbréfs eða 24 tíma frá sendingu tölvupósts telst hún í samræmi við það sem um var samið. Ef viðskiptavinur gerir hins vegar athugasemd skal símbréf, tölvupóstur, bréf eða upptaka í síma gilda sem sönnun fyrir viðskiptunum. Hafi aðilar samþykkt önnur rafræn samskiptakerfi geta þó gögn úr slíkum kerfum gilt sem sönnun. Frumrit gagna vegna stundarviðskipta með gjaldeyri og fjármálagerninga eru ekki send nema sérstaklega sé óskað eftir slíku.

Virðing hf. getur tilkynnt viðskiptavini um gerð samninga sem gerðir eru á grundvelli þessara skilmála í síma, með tölvupósti eða myndbréfi á tölvupóstfang eða myndsendisnúmer sem viðskiptavinur hefur gefið Virðingu upp. Viðskiptavinur ber alfarið ábyrgð á því ef viðkomandi samskiptaleið skilar ekki tilkynningunni til viðskiptavinar. Viðskiptavinur skal tilkynna Virðingu hf. án tafar ef breyting verður á heimilisfangi hans, símanúmeri, tölvupóstfangi eða myndsendisnúmeri. Virðing hf. skal senda viðskiptavini kvittun vegna sérhverra kaupa eða sölu á fjármálagerningum eða gjaldeyri sem gerð eru fyrir viðskiptavin innan fjórtán daga frá því að viðskiptin áttu sér stað. Hafi viðskiptavinur ekki gert skriflegar athugasemdir við kvittun eða yfirlit innan þrjátíu daga frá dagsetningu þeirra má Virðing líta svo á, að þau hafi að geyma réttar upplýsingar. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning þess efnis send viðskiptavini.

Um framkvæmd viðskipta að öðru leyti er vísað til stefnu Virðingar hf. um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem viðskiptavinur hefur kynnt sér. Samkvæmt stefnu Virðingar hf. skal leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn. Með bestu niðurstöðu er átt við verð, hraða, kostnað, umfang og eðli viðskiptanna og annarra atriða er máli kunna að skipta. Ef viðskiptavinur gefur skýr og ákveðin fyrirmæli um framkvæmd skal þeim fylgt eins og kostur er.

## 4. Tryggingar

### a) Áskilnaður um tryggingar við upphaf viðskipta og viðbótartryggingar

Samkvæmt innri starfsreglum Virðingar hf. er trygginga krafist þegar stofnað er til viðskipta. Hafi trygginga ekki verið krafist vegna einstakra samninga, áskilur Virðing hf. sér rétt til að gera slíka kröfu. Viðskiptavininn er óheimilt að framselja þær tryggingar sem hann hefur sett Virðingu hf. Viðskiptavininn er skylt að kröfu Virðingar hf., að undirrita sérstaka handveðssamninga, tryggingarbréf eða aðra slíka samninga.

Við upphaf viðskipta skal viðskiptavinur setja tryggingar sem Virðing hf. metur fullnægjandi hverju sinni. Starfsmenn Virðingar hf. meta markaðsverðmæti trygginga hverju sinni, sem skal meðal annars taka mið af skráðu opinberu gengi viðkomandi eignar (ef það er til). Markaðsverðmæti trygginga getur fyrirvaralaust tekið breytingum, einkum ef tryggingar hafa verið settar í formi verðbréfa. Tryggingar skulu jafnan vera í formi fjármuna eða skráðra verðbréfa.

Kveði samningur á um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki, hvort sem miðað er við verðmæti hinna veðsettu eigna eða verðmæti þeirra samninga sem ætlað er að tryggja, t.d. afleiðusamninga, og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal viðskiptavinur leggja fram viðbótartryggingar, þannig að umsömdu lágmarki verði náð á ný. Viðbótartrygging verður að vera metin fullnægjandi af Virðingu hf. og hafa starfsmenn allan rétt til að ákveða hvað telst fullnægjandi í hverju tilviki án tillits til síðasta markaðsverðs. Virðingu hf. er ekki skylt að kalla eftir viðbótartryggingum frá viðskiptavininn. Ef markaðsverðmæti fjármálagerninga lækkar skyndilega á fjármálamarkaði og starfsmenn Virðingar meta aðstæður með þeim hætti að viðskiptavinur geti ekki fullnægt skuldbindingu sinni um framlagðar tryggingar, getur Virðing hf. selt án fyrirvara alla eða hluta af fjármálagerningum viðskiptavinnar, sem lagðir hafa verið fram til tryggingar. Þetta á við þrátt fyrir að salan gerist innan þess tímafrests sem Virðing hf. hefur sett viðskiptavininn til að leggja fram fullnægjandi tryggingar.

### b) Tímamörk

Setji Virðing hf. fram kröfu um tryggingar/viðbótartryggingar, skal viðskiptavinur leggja fram fullnægjandi tryggingar innan tveggja daga frá því Virðing hf. hefur sett fram slíka kröfu. Áhrifamiklar breytingar á markaðsaðstæðum kunna á hinn bóginn í undantekningartilvikum að krefjast þess að skemmri frestur sé settur og er Virðingu hf. því heimilt við slíkar aðstæður að setja skemmri frest, jafnvel innan dagsins, eða stytta áður veittan frest.

### c) Tilkynningar, boðleiðir

Kröfur um tryggingar verða settar fram í síma, með tölvupósti eða símbréfi. Tilkynning skal talin send á réttan stað, hafi hún verið send á uppgefið tölvupóstfang eða símbréfsnúmer viðskiptavinnar. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn/símbréfstæki hans kemur ekki tölvupósti/símbréfi til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi/símbréfstæki. Tilkynning í síma telst þegar komin til vitundar viðskiptavinnar.

## 5. Skuldajöfnun (nettun) samninga

Séu skuldbindingar viðskiptavinar gjaldfelldar samkvæmt 8. gr., er Virðingu hf. heimilt, en ekki skylt, að beita skuldajöfnuði milli allra samninga sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðila um sig er gert upp í einu lagi. Við slíka skuldajöfnun er heimilt að umreikna allar skuldbindingar yfir í íslenskar krónur.

Samkvæmt skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur einnig að kominn sé á skriflegur samningur við Virðingu hf. í samræmi við V. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, um að skyldur þeirra samkvæmt samningum þeim sem nefndar eru í 40. gr. laganna, skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnun, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, og að samningurinn skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

## 6. Hljóðritun símtala

Til að tryggja öryggi viðskiptavinar og Virðingar hf. og sem tæki til að leiðrétta hugsanlegan misskilning, eru öll símtöl við Virðingu hf. hljóðrituð, eða kunna að vera hljóðrituð, án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn. Með undirritun sinni á skilmála þessa samþykkir viðskiptavinur að slíkar hljóðritanir megi leggja fram í dómsmáli ef upp kemur ágreiningur um hvað samningsaðilum fór á milli, svo sem um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta. Virðing hf. ábyrgist ekki að öll símtöl séu hljóðrituð og ber ekki ábyrgð á því ef svo er ekki gert.

## 7. Áhætta fjármálagerninga og varúðarskylda viðskiptavinar

Á ákvörðunum sínum um fjárfestingar ber viðskiptavinurinn einn ábyrgð. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir þeirri staðreynd að þau viðskipti sem hann kann að eiga við eða fyrir milligöngu Virðingar hf. geta verið sérstaklega áhættusöm. Viðskiptavinurinn gerir sér grein fyrir að ávöxtun í fortíð hefur ekkert um framtíðarávöxtun að segja. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir að verðmæti þeirra fjármálagerninga sem hann kann að eiga viðskipti með kann að rýrna eða aukast, eftir aðstæðum á markaði. Ennfremur gerir viðskiptavinur sér grein fyrir því að ómögulegt er að ábyrgjast að upphaflegt verðmæti þess sem fjárfest er fyrir skili sér til hans aftur. Viðskiptavinur gerir sér einnig grein fyrir því að Virðing hf. ábyrgist ekki ávöxtun fjárfestinga þeirra verðmæta sem hann afhendir fyrirtækinu eða að væntingar hans til fjármálagerninga standist.

## **8. Vanefndir og heimild Virðingar hf. til að gjaldfella skuldbindingar viðskiptavinar**

Vanefni viðskiptavinar skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum (eða samningum sem vísa til skilmála þessara), án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptavinur 2 daga til að leiðrétta það sem hefur leitt til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd telst hafa komið upp.

Virðingu hf. er heimilt, en undir engum kringumstæðum skylt, að gjaldfella eða loka samningi og/eða samningum fyrirvaralaust þegar viðskiptavinur vanefnir skuldbindingar sínar verulega.

Neðangreind tilvik skulu ávallt skoðast sem veruleg vanefnd í þessum skilningi:

- Ef viðskiptavinur er í einhverjum vanskilum við Virðingu hf. og hefur ekki bætt úr þeim innan 2 daga frá því vanskil hófust, eða er ítrekað í vanskilum við Virðingu hf.
- Ef viðskiptavinur leggur ekki fram tryggingar/viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr. 4. gr. (b). eða tap viðskiptavinar af samningum fer yfir 80% af markaðsverði trygginga.
- Ef frumrit samninga hafa ekki borist Virðingu hf. innan 7 daga frá dagsetningu samnings eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.
- Ef (i) gert er fjárnám hjá viðskiptavini, (ii) viðskiptavinur óskar eftir greiðslustöðvun, (iii) nauðasamningum, (iv) samningum við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda að hluta, (v) lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), eða (vi) beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinar.
- Ef viðskiptavinur hefur vanrækt að tilkynna Virðingu hf. um ákvörðun um samruna, skiptingu félags í fleiri sjálfstæð félög eða breytingu á tilgangi félags, sbr. 10. gr.

Virðing hf. tilkynnir viðskiptavini um það þegar skuldbinding hans hefur verið gjaldfelld eða samningi/samningum lokað vegna verulegra vanefnda. Slík tilkynning skal send í samræmi við grein 4(c).

Komi til gjaldfellingar eða lokunar samnings/samninga annast Virðing hf. útreikning á markaðsverðmæti trygginga samkvæmt eigin mati á hverjum tíma og útreikning á hagnaði/tapi viðskiptavinar af samningi/samningum. Virðing hf. skal senda viðskiptavini þann útreikning eigi síðar en 15 dögum eftir að samningur/samningar hefur verið gjaldfelldur/gjaldfelldir eða honum/þeim lokað, geri viðskiptavinur kröfu þess efnis.

Komi til þess að skuldbindingar viðskiptavinar séu gjaldfelldar eða samningi/samningum lokað, að hluta til eða öllu leyti, er Virðingu hf. heimilt, án frekari fyrirvara, að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett. Er Virðingu hf. í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem hafa verið settar eða einungis hluta þeirra (og þá í hvaða röð það er gert).

Viðskiptavinur skal greiða dráttarvexti af kröfu Virðingar hf. frá og með gjaldfellingardegi, í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, ásamt síðari breytingum. Dráttarvextir reiknast annars frá gjalddaga samninga. Virðingu hf. er heimilt að umreikna kröfur yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu.

Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar skuldbindur hann sig til að greiða Virðingu hf. allan kostnað sem Virðing hf. þarf að greiða vegna vanefnda, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannsþóknunar eða öðru er Virðing hf. þarf að greiða til að fylgja málinu eftir.

## 9. Ábyrgð á samningum, skaðleysisyfirlýsing

Samkvæmt skilmálum þessum lýsir viðskiptavinur því yfir að honum er ljóst að þau viðskipti sem hann kann að eiga við Virðingu hf. geta verið sérstaklega áhættusöm. Viðskiptavini ber því að afla sér ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga telji hann hennar þörf. Óski viðskiptavinnur eftir áliti starfsmanna Virðingar hf. á tilteknum viðskiptum, er áréttað að það álit sem starfsmenn Virðingar hf. kunna að láta honum í té á grundvelli slíkrar beiðni, er eingöngu byggt á skoðunum viðkomandi starfsmanns á þeim tíma, og getur breyst án fyrirvara.

Lokun með mótstæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáhættu skal fara fram á eðlilegu gengi m.v. markaðsgengi, markaðsvexti og kjör viðskiptavinnar á þeim tíma.

Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að Virðing hf. annast ekki viðskiptavakt. Af því leiðir að Virðing hf. ábyrgist ekki tilkynningar til viðskiptavinnar um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk. Það er því á ábyrgð viðskiptavinnar að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við Virðingu hf.

Virðing hf. ber ekki ábyrgð á meintu tjóni viðskiptavinnar vegna breytinga á gengisþróun í kjölfar gjaldfellingar, t.d. ef viðskiptavinur hefði hagnast á gengisþróun, ef ekki hefði komið til gjaldfellingar.

Þar sem markaðsaðstæður geta breyst mjög á skömmum tíma getur Virðing hf. ekki ábyrgst að unnt sé að afgreiða beiðni viðskiptavinnar um viðskipti á umbeðnu gengi. Virðing hf. ber ekki ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir við það að beiðni um viðskipti sé afgreidd á óhagstæðara gengi en beiðni gerði ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða beiðnina.

Verði lagður skattur og/eða opinber gjöld á viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptavinur greiða þau viðbótargjöld beint til viðkomandi yfirvalds þannig að Virðing hf. fái að fullu greidda þá fjárhæð sem greiða skal til Virðingar hf. samkvæmt viðkomandi samningi.

Virðing hf. ber ekki ábyrgð á óhagstæðum skattalegum afleiðingum viðskipta eða annarra atvika. Virðing hf. ber ekki ábyrgð á breytingum á markaðsaðstæðum sem verða áður en viðskipti eru framkvæmd.

Virðing hf. ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og stafar af óviðráðanlegum atvikum (force majeure).

Virðing hf. ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórn málalegs, fjármálalegs, tæknilegs eðlis (þ.á m. rof á fjarskiptum) eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem félagið veitir jafnvel þótt slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik (force majeure).

Virðing hf. ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum og tölvubúnaði félagsins eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Viðskiptavinur er bundinn að öllu leyti við þá skilmála sem Virðing hf. semur um við þriðja aðila, vegna viðskipta fyrir reikning viðskiptavinnar á erlendum vettvangi (um ábyrgð og ábyrgðartakmörkun, framkvæmd, erlendar lagareglur o.s.frv.). Virðing hf. ábyrgist ekki réttar efndir slíkra samninga af hálfu gagnaðila. Skiptir engu máli í þessu sambandi hvort samningur hefur verið gerður í nafni Virðingar hf. eða fyrir hönd viðskiptavinnar. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér efni og skilmála slíkra samninga að því marki sem þeir snerta viðskipti hans.

## 10. Upplýsingaskylda viðskiptavinar

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að tilkynna Virðingu hf. þegar í stað um öll fyrirbyggjandi eða fyrirsjáanleg vanefndatilvik samkvæmt skilmálum þessum og skilmálum og samningum þeim tengdum.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að senda eftirfarandi gögn til Virðingar hf. á meðan viðskiptasamband er í gildi milli aðila:

*a) Lögaðilar.* Viðskiptavinur skuldbindur sig til þess að afhenda gögn til Virðingar hf., sem sanna heimild þess sem skrifar undir fyrir hans hönd, til að skuldbinda félagið ef ekki er unnt að sjá þessa heimild í lögum eða í opinberum gögnum. Ef um erlendan lögaðila er að ræða skal hann afhenda skriflega staðfestingu til Virðingar hf., sem félagið metur fullnægjandi, á því að hann hafi með umboði fengið íslenskan aðila til þess að taka á móti stefnum og öðrum tilkynningum sem snerta viðskiptasamband aðila, fyrir sína hönd. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að tilkynna án tafar ef breytt er um framkvæmdastjórn og/eða prókúruhafa hjá félaginu. Hið sama gildir ef breytingar eru gerðar á útgefnu umboði sem hefur verið afhent Virðingu hf. Prókúruhafi skal sanna á sér deili og framvísa persónuskilríkjum sem Virðing hf. mun afrita og geyma í gögnum sínum.

Taki viðskiptavinur ákvörðun um að sameinast öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félags í samþykktum þess, eða verði veruleg breyting á eignaraðild í félaginu (viðskiptavini), er Virðingu hf. heimilt að segja upp öllum viðskiptasamningum sem eru í gildi milli aðila, telji Virðing hf. að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll/fjárhagsstöðu félagsins/viðskiptavinar eða getu þess/hans til að standa við skuldbindingar sínar. Viðskiptavinur skal tilkynna Virðingu hf. án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfrestur skal vera 15 dagar frá því Virðing hf. tilkynnir viðskiptavini um ákvörðun sína um að segja viðskiptunum upp. Allir samningar skulu þá falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar. Ef Virðing hf. metur stöðuna mjög alvarlega gildir ákvæði um uppsagnarfrest ekki.

*b) Einstaklingar.* Viðskiptavinur skal framvísa ljósriti af fullgildum persónuskilríkjum. Virðing hf. afritar skilríkin og geymir í vörslum sínum. Viðskiptavinur skuldbindur sig jafnframt til að afhenda Virðingu hf. öll þau gögn og upplýsingar sem Virðing hf. kann að óska eftir í tengslum við viðskipti viðskiptavinar. Ef upplýsingar og gögn skortir getur það leitt til þess að Virðingu hf. er óheimilt að framkvæma viðskiptin. Ofangreint á þó ekki í öllum tilvikum við fagfjárfesta og viðurkennda gagnaðila.

Ef þjónusta Virðingar hf. felst í að veita viðskiptavini fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringu er fyrirtækinu skylt að afla þeirra upplýsinga frá viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að meta fjárhagsstöðu, þekkingu, reynslu og fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar.

Upplýsinga sem skylt er að afla varðandi fjárhagsstöðu viðskiptavinar eru (i) tekjur, (ii) eignir, þ.m.t. seljanlegar eignir, fjárfestingar og fasteignir, og (iii) fjárhagsskuldbindingar. Þá er Virðingu hf. heimilt að krefja lögaðila um endurskoðaðan ársreikning og öll árshlutauppgjör. Upplýsingar um markmið fjárfestingar fela meðal annars í sér upplýsingar um áhættustefnu viðskiptavinar, tilgang með fjárfestingu og tímalengd fjárfestingar.

Ef um önnur verðbréfavíðskipti er að ræða óskar Virðing hf. eftir upplýsingum um þekkingu viðskiptavinar varðandi þau víðskipti í þeim tilgangi að leggja mat á hvort réttmætt sé að viðkomandi viðskiptavinur eigi víðskipti á því sviði. Virðingu er ekki skylt að meta hvort fjármálagerningurinn eða þjónustan sé viðeigandi fyrir víðskiptavin ef um ósamsetta fjármálagerninga er að ræða og þjónustan eða víðskiptin fela eingöngu í sér framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrir mæla og þjónustan er veitt að frumkvæði víðskiptavinar.

Ef víðskiptavinur andast skal fyrirvarsmaður dánarbúsins gera Virðingu hf. viðvart og upplýsa um ráðstöfun fjármálagerninga. Fáir Virðing hf. ekki upplýsingar um andlátíð skulu áður gefnar upplýsingar

hins látna teljast réttar og ber Virðing hf. enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Að auki er Virðingu hf. þá heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og loka samningum viðskiptavinar við fyrirtækið. Sá sem kemur fram fyrir hönd dánarbúsins skal sanna umboð sitt. Ef hann gerir það ekki er Virðingu hf. ekki skylt að fylgja viðskiptafyrirmælum hans.

### **11. Um tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta**

Virðing hf. er aðili að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Í lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta er kveðið á um, að sé aðildarfyrirtæki að mati Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að greiða andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafist aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála sem gilda, er sjóðnum samkvæmt lögnum skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild. Greiðsluskylda sjóðsins verður einnig virk ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfavíðskipti.

### **12. Þóknanir o.fl.**

Um þóknanir og gjöld fyrir þjónustu Virðingar hf. fer eftir gjaldskrá fyrirtækisins hverju sinni. Gjaldskránni er hægt að nálgast á skrifstofu Virðingar hf og er einnig að finna á heimasíðu Virðingar hf. [www.virding.is](http://www.virding.is).

### **13. Uppsögn**

Samningar á grundvelli skilmála þessara eru uppsegjanlegir af beggja hálfu með sjö daga fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg. Fyrirvaralaus uppsögn er þó heimil af hálfu Virðingar hf. ef viðskiptavinur vanefnir verulega skuldbindingar sínar samkvæmt einstökum samningum eða þessum skilmálum. Virðing hf. getur einnig sagt samningi upp án fyrirvara vegna verulegra breytinga á skipulagi viðskiptavinar ef um fyrirtæki er að ræða, samruna hans við annað fyrirtæki, árangurslauss fjárnáms, gjaldþrots og andláts.

Þannig samþykkt af stjórn félagsins